



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 24
101 - 103 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

☎ (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Umhverfisstofnun
Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2007

Tilvísun: UST20070200022/tb


Efni: Tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum

Við er í bréf frá Umhverfisstofnun Alþingis, dags. 1. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, þskj. 65-65. mál.

Umhverfisstofnun telur framlagða þingsályktunartillögu vera í samræmi við þau áform sem uppi eru um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. Í frumvarpi til laga um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs er gildissvið laganna ekki ákveðið heldur skal það ákveðið í reglugerð um þjóðgarðinn en hana á eftir að vinna. Umhverfisstofnun telur að það geti verið kostur að friðlýsa landsvæði með sérlögum, í stað þess að friðlýsa skv. lögum um náttúruvernd, ef sérlög ganga lengra en lög um náttúruvernd. Sérlög um friðlýsingu Jökulsár á fjöllum þurfa að hafa ákveðið gildissvið og skýr verndarmarkmið og verndarviðmið. Með þeim hætti má síðan útfæra verndunina frekar í reglugerð sem á sér þá skýra lagastoð. Umhverfisstofnun styður eindregið það markmið að friðlýsa Jökulsá á Fjöllum og setningu sérlaga að teknu tilliti til framangreindra forsenda.

Virðingarfyllst


Trausti Baldursson


Áni Bragason